

Berist til: Bæjarráðs Reykjanesbæjar

Erindi: Beiðni um endurskoðun á rekstrarsamningi

Greinargerð

Stjórn knattspyrnudeildar Njarðvíkur („félagið“) sendir bæjarráði Reykjanesbær eftirfarandi beiðni um hækkun á heildarsamningsupphæð gildandi rekstrarsamnings milli félagsins og Reykjanesbæjar og að sú breyting taki strax gildi. Reykjanesbær og félagið undirrituðu fyrst rekstrarsamning um rekstur íþróttasvæðisins að Afreksbraut 10 árið 2013 sem þá hljóðaði upp á kr. 12.000.000. Núverandi samningsupphæð nemur kr. 13.400.000.

Félagið telur að hækka þurfi heildarsamningsupphæð gildandi rekstrarsamnings að lágmarki m.t.t. verðlags og vísitöluhækkana frá því upphaflegur rekstrarsamningur var undirritaður árið 2013. Sú hækkun nemur 31,1% eða kr. 3.735.018. Líkt og félagið hefur áður nefnt í fyrri erindum þá liggur ljóst fyrir að núgildandi rekstrarsamningur stendur engan vegin undir sér. Uppsöfnuð viðhaldspörf hefur myndast síðustu ár og horfir félagið fram á heildarkostnaður uppsafnaðar viðhaldþarfar sé um kr. 10.000.000. Sú upphæð hefur ekki að geyma uppsafnaða tækjapörf og tækja viðhald, sem má áætla að sé um 4 til 6 mkr.

Félagið nýtir styrktarsamninga og aðstoð frá velunnurum til þess að ná endum saman og sinna rekstur svæðisins með viðunandi hætti. Sem dæmi er Afreksbraut 10 að okkar viti eina íþróttamannvirki bæjarins sem sinnir sorphirslu á eigin kostnað, snjómokstur á eigin kostnað, og er ekki með sama sorpflokkunarkerfi og önnur íþróttamannvirki. Þá er rétt að hafa í huga að í erindi Einars Friðriks Brynjarsson umhverfisfræðings á 126. fundi ÍT-ráðs, kom skýrt fram að það þyrfti að leggja aukalega vinnu í grasvöllinn við Afreksbraut sökum hirðuleysis/mistaka við gerð vallarins. Aukin vinna felur í sér aukinn kostnað fyrir félagið.


Félagið telur að íþróttavellir og íþróttastaða Reykjanesbæjar eiga að vera til fyrirmyndar. Félagið hefur fengið krefjandi verkefni í hendurnar frá bæjarfélaginu en reynt að sinna því eins vel og kostur gefst. Leggjast þarf í mikla vinnu til þess að endurhugsa samstarf bæjar og félagsins og er rekstrarsamningurinn aðeins einn hlutur af þeirri heildarmynd. Íþróttir eru hornsteinn samfélagsins sem við búum í og því teljum við nauðsynlegt að nú sé kominn tími til að setja íþróttastarf á oddinn í stað þess að leggja það á herðar sjálfboðaliða sem hægt og rólega bagna undan því að bera uppi þetta mikilvæga samfélagsverkefni.

Við vonum að tekið verði vel í beiðni okkar. Fulltrúum bæjarráðs, embættismenn og aðrir pólitískir fulltrúar eru ávallt velkomin til okkar á Afreksbraut 10 til þess að ræða málefni knattspyrnudeildar Njarðvíkur og íþróttir almennt. Stöndum saman og eflum íþróttir til framtíðar!

Beiðni:

Stjórn knattspyrnudeildar Njarðvíkur fer þess á leit við bæjarráð Reykjanesbæjar að heildarsamningsupphæð rekstrarsamnings milli félagsins og Reykjanesbæjar verði hækkuð um kr. 4.500.000 á þessu samningsári, en að lágmarki í samræmi við þróun verðlags og vísitöluhækkana frá því upphaflegur rekstrarsamningur var undirritaður árið 2013, og taki sú breyting strax gildi.

f.h. stjórnar Knattspyrnudeildar UMFN



Brynjar Freyr Garðarsson, formaður

f.h. aðalstjórn UMFN

